



Umhverfis- og skipulagsráð

Reykjavík, 19. september 2024

MSS23030208

gbj

**Afgreiðslubríf: Samþykkt aðgengis- og samráðsnefndar um upplýsingagjöf um aðgengi að strætó og biðstöðvum**

Á fundi aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks þann 19. september 2024, var lögð fram svohljóðandi breytingartillaga aðgengis- og samráðsnefndar sbr. 2. lið. fundargerðar sd:

Lagt er til að aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks samþykki að beina því til umhverfis- og skipulagsráðs að upplýsingar um aðgengileika biðstöðva verði settar á aðgengilegt form þannig að Strætó geti miðlað þeim auðveldlega til farþega. Jafnframt að Reykjavíkurborg hvetji hin sveitarfélögin til að koma sambærilegum upplýsingum um sínar biðstöðvar til Strætó.

Breytingartillagan var samþykkt.

Tillagan var samþykkt svo breytt.

Óskað er eftir að samþykkt aðgengis- og samráðsnefndar um upplýsingagjöf um aðgengi að strætó og biðstöðvum sé lögð fram á fundi umhverfis- og skipulagsráðs og tekin til meðferðar.

Virðingarfyllst,  
Guðný Bára Jónsdóttir  
*Miðlæg stjórnsýsla*  
*Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa*

Hjálagt:

Breytingartillaga ásamt greinargerð dags. 19. september 2024

Tillaga ásamt greinargerð dags. 31. mars 2024

Umsögn Strætó

Umsögn Skrifstofu samgangna og borgarhönnunar



Reykjavík



Reykjavík, 19. september 2024

MSS23030208

## Breytingartillaga við tillögu aðgengis- og samráðsnefndar sem lögð var fram á fundi nefndarinnar dags. 30. mars 2023

### Breytingartillaga aðgengis- og samráðsnefndar varðandi upplýsingagjöf um aðgengi að strætó og biðstöðvum.

Lagt er til að aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks samþykki að beina því til umhverfis- og skipulagsráðs að upplýsingar um aðgengileika biðstöðva verði settar á aðgengilegt form þannig að Strætó geti miðlað þeim auðveldlega til farþega. Jafnframt að Reykjavíkurborg hvetji hin sveitarfélögin til að koma sambærilegum upplýsingum um sínar biðstöðvar til Strætó.

#### Greinargerð:

Búið er að gera úttekt á aðgengi biðstöðva Strætó í Reykjavík og eru því til nákvæmar upplýsingar um aðgengi hverrar biðstöðvar. Þessar upplýsingar þyrftu að vera aðgengilegar farþegum Strætó. Best væri að þessar upplýsingar væri hægt að nálgast á vefsíðu Strætó og í þeim snjallforritum sem fólk notar til að skipuleggja ferðir sínar. Í umsögn Strætó dags. 21. ágúst 2024, kemur fram að ekki séu til gögn á því formi sem þarf til að miðla slíkum upplýsingum. Æskilegast væri auðvitað að geta síað óaðgengilegar biðstöðvar úr leitinni.



Reykjavík



**Viðtakandi:** Aðgengis- og samráðsnefnd  
**Sendandi:** Strætó

Reykjavík, 21. ágúst 2024

MSS23030208

## UMSÖGN

### Umsögn um tillögu um upplýsingagjöf um aðgengi að strætó og biðstöðvum

Á fundi aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks þann 30. mars 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga:

Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks leggur til að upplýsingar um aðgengileika biðstöðva Strætó verði gerðar aðgengilegar þar sem farþegar geta auðveldlega nálgast þær. Þá leggur nefndin til að hægt verði að sjá á rauntímakorti Strætó hvort vagnar á kortinu séu aðgengilegir eða ekki.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar og Strætó þann sama dag.

#### Umsögn

Það er ekki til gögn á því formi sem við þurfum vegna aðgengis að stoppustöðvum. Reykjavíkurborg hefur unnið gögn um stoppustöðvar í sínu sveitarfélagi en ekki þannig að hægt sé að tengja það við leiðarvísir Strætó. Okkur er ekki kunnugt um að önnur sveitarfélög hafi tekið saman gögn um aðgengi.

Ef gögn verði tiltækileg fyrir allt höfuðborgarsvæðið og á þannig formi að hægt sé að nýta þau stendur ekki á Strætó að birta það í sínum leiðarvísi.

En allir vagnar Strætó hafa í nokkur ár verið aðgengilegir öllum og útbúnir römpum.



Reykjavík



**Viðtakandi:** Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks  
**Sendandi:** Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Reykjavík, 26. júní 2024

MSS23030208

## UMSÖGN

### Umsögn um tillögu um upplýsingagjöf um aðgengi að strætó og biðstöðvum

Á fundi aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks þann 30. mars 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga:

*Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks leggur til að upplýsingar um aðgengileika biðstöðva Strætó verði gerðar aðgengilegar þar sem farþegar geta auðveldlega nálgast þær. Þá leggur nefndin til að hægt verði að sjá á rauntímakorti Strætó hvort vagnar á kortinu séu aðgengilegir eða ekki.*

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar og Strætó þann sama dag.

#### Umsögn

Öll kort Strætó, þ.m.t. rauntímakort og þau sem sýna strætóstöðvar eru á höndum og forræði Strætó. Úttekt á aðgengi til og frá stoppstöðvum Strætó lagði ekki mat á það hvort stöðvarnar væru færar hreyfihömluðum enda veltur það á búnaði í vögnum Strætó. Það sem tekið var út í greiningunni á aðgengi að strætóstöðvum var m.a. gæði yfirborðs, hæð kantsteina, leiðalínur og viðvörunarhellur, gerð næstu þverana yfir götur o.fl. þess háttar.

Beðist er velvirðingar á því hve seint umsögn um tillöguna berst.

Virðingarfyllt,  
Bjarni Rúnar Ingvarsson  
deildarstjóri samgangna



Reykjavík